

Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 41/1973  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

#### Á r s k u r ð u r

Málavextir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignas-  
skatt á fasteignina nr. 22 við Ingólfrsstræti í Reykjavík, sem er  
eigna Guðspekifélags Íslands. Félagið hefur klotzt til þessa við  
borgaryfirvöld, að litið verði á fasteign þessa sem félagsheimili  
og að hún verði líftin njóta undanþágu frá fasteignaskatti, samskv.  
5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Þeim tilnefnum  
var sýnjað með ákvörðun Borgarráða.

Guðspekifélag Íslands hefur skotið máli þessu til Yfirfast-  
eignamatnefndar með bréfi, dags. 2. júlí 1973, og lítur nefndin  
svo á, að krafint sé úrlausnar um það álitnefni, hvort ofangreind  
fasteign sé undanþegin fasteignaskatti samskvamt 5. gr. laga nr.  
8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr.  
320/1972 um fasteignaskatt.

Notum umræddrar fasteignar er lýft þannig í fyrrgreindu  
bréfi:

„Húsi þetta hefur verið notað sem félagsheimili Guðspekifélaga  
Íslands síðan 1917, og eingöngu sem slíkt, svo sem Yfirfasteigna-  
matnefnd getur sannfært sig um, ef hún vildi líta á húsið.  
Á neðstu hæð er bankomusalur, snyrting og aðstaða til að hita  
kaffi (undir stiga), en í gangi er lægt að hengja yfirhafnar. Á  
annari hæð er bókasafn félagsins og setustofa, en auk þess tvö  
lítil skrifstofuhverbergi vegna yfirstjórnar félagsins, svo og  
eldhúsi. Í risi eru geymslur.

Félagið starfar í stökum eða undirdeildum, og halda þær  
jafnundarlega sörfundir eina í félagsheimilinu, en auk þess eru  
almennar fundir á föstudögum. Húsið er því í notkun fyrir félagið  
alla daga vikunnar“.

Þar sem notkun húsakynna félagsins sé með framangreindum  
hotti og félagið ópólitískt menningarfélag, sem öllum standi opið,  
telja fyrirvarsmenn þess ljóst, að um félagsheimili sé að ræða í  
skilningi laga um félagsheimili, er samskvamt því njóti skatt-  
frélsis í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga  
og 6. gr. reglug. nr. 320/1972 um fasteignaskatt, eru undantekn-  
ingarákvaði, sem skýra verður þröngt. Til félagsheimila í skilningi  
nefndra ákvæða, verða þannig aðeins talin samskvamt, er hafa verið  
reist og hlötið viðurkenningu með þeim hotti, sem ráð er fyrir gert  
í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. áður  
2. og 3. gr. laga nr. 77/1947 ásamt síðari broytingum.

Þankvæzt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, fullnægir umrædd  
háskógi ekki þessu skilyrði, og þrestur því lagahólmild fyrir  
undanþágu frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R D A R O R D :

Guðspokifélagi Íslands er skylt að svara fasteignaskatti af  
fasteigninni nr. 22 við Ingólfrastreti, Reykjavík.

Ólafur Jónsson

Torfi Ágeirsson

Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.

Reykjavík, 29. október 1973.

YFIREASTEIGNAMÆTSNEFND